

Nýsköpunarsjóður námsmanna 2004

Fiskimið á Skjálfanda

Liður í þingeyiskum sögugrunni
Lokaskýrsla

Námsmaður: Ómar Þorgeirsson
Umsjónarmenn: Guðni Halldórsson og Óli Halldórsson



Safnahúsið á Húsavík



Þekkingarsetur
Þingeyinga

Ágrip

Rannsókn á fiskimiðum í Þingeyjarsýslum er fyrsta skref Safnahússins á Húsavík í vinnu að svokölluðum Þingeynskum sögugrunni. Markmið verkefnisins, sem unnið er í samstarfi við Þekkingarsetur Þingeyinga, er að safna saman upplýsingum um þekkt fiskimið við strönd Þingeyjarsýslna. Leitast er við að fá sem nákvæmasta staðsetningu á eins mörgum miðum og unnt er, en heimildirnar eru misvandaðar og í sumum tilfellum er einungis um munnlega geymd að ræða. Því fer talsverð vinna í að samræma heimildir og sannreyna um áreiðanleika þeirra. Um 270 fiskimið hafa þegar verið skráð, flest í Suður-Þingeyjarsýslu á svæði Skjálfandaflóa við Húsavík. Upplýsingarnar um fiskimiðin verða svo síðar færðar inn á stafrænan kortagrunn, sem fenginn verður frá Landmælingum Íslands. En slíkur grunnur mun í framtíðinni nýtast fyrir Safnahúsið í móttöku gesta og þjónustu við öll skólastig í héraðinu, menningartengda ferðaþjónustu og fagmenn jafnt sem og leikmenn sem vilja kynna sér sögu svæðisins.

Námsmaður

Ómar Þorgeirsson

Umsjónarmenn

Guðni Halldórsson

Óli Halldórsson



Safnahúsið á Húsavík



Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
2	Heimildagildi fiskimiða.....	5
3	Svæði Þingeyjarsýslna	6
4	Fylgiskjöl – Svæði Þingeyjarsýslna	7
	4.1 Svæði Þingeyjarsýslna	7
	4.2 Þistilfjörður og Langanes	8
	4.3 Melrakkaslétta og Öxarfjörður	9
	4.4 Suður-Þingeyjarsýsla	10
5	Fiskimið í Þingeyjarsýslum.....	11
6	Að verkalokum	13
7	Fylgiskjöl – Fiskimið í Þingeyjarsýslum.....	14
	7.1 Fiskimið Norður-Þingeyjarsýslu.....	14
	7.2 Fiskimið Suður-Þingeyjarsýslu	15
	7.3 Fiskimið í Eyjafirði	18
	7.4 Athugasemdir við skráningu	19
8	Heimildaskrá	23
	8.1 Bækur	23
	8.2 Greinar	23
9	Þakkir	25
10	Yfirlýsing umsjónarmanns a)	26
11	Yfirlýsing umsjónarmanns b)	27

1 Inngangur

Rannsókn á gömlu árabátamiðunum er fyrsta skref Safnahússins á Húsavík í vinnu að svokölluðum Þingeyiskum sögugrunni. Þekkingarsetur Þingeyinga á Húsavík er samstarfsaðili Safnahússins í rannsókn fiskimiðanna, en saman komu báðir aðilar að ráðningu námsmanns, sem og að undirbúningi og fjármögnun rannsóknarinnar. Verkbáttur námsmanns felst í því að skrá fiskimið allt frá mörkum milli Eyfirðinga og Þingeyinga í vestri, og að mörkum við Norður-Múlasýslu í austri. Það liggur því ljóst fyrir að rannsóknin er í raun talsvert stærri í sniðum en nafn hennar, Fiskimið á Skjálfanda, gefur til kynna. Skjálfandasvæðið er þó vissulega það svæði, sem flestar og bestar heimildir eru til um. Mikilvægt er fyrir verkefni af þessu tagi, að afla sem flestra heimilda, til þess að hægt sé að samræma heimildirnar og sannreyna um áreiðanleika þeirra. Í upplýsingaleitinni vakna upp margar spurningar, sem mikilvægt er að hafa í huga og velta fyrir sér þegar unnið er að rannsókn gömlu árabátamiðanna: Hvert er heimildagildi fiskimiða? Er nafngift fiskimiðanna að öllu leyti tilviljunarkennd? Hvernig lögðu menn á miðin? Hvernig eru heimildir um fiskimiðin? Þetta er aðeins hluti af þeim spurningum sem reynt verður að finna svör við, í þeim tilgangi að fá gleggri mynd af rannsókninni í heild sinni. Með því að styrkja rannsóknarverkefnið, Fiskimið á Skjálfanda, hefur Nýsköpunarsjóður námsmanna tekið þátt í því að „bjarga“ þeim heimildum, sem áður voru einungis í munnlegri geymd. Rannsóknin væri heldur ekki framkvæmanleg, nema fyrir hjálpsemi áhugamanna um sjósókn í Þingeyjarsýslum. En kynslóð þeirra manna sem stunduðu veiðar á árabátum og notuðu örnefni í landi og á sjó, til þess að staðsetja fiskisæla staði á sjónum, fer senn að heyra sögunni til. Þess vegna er þetta rannsóknarverkefni ekki síst „kapphlaup“ við tímann. Það er að segja „kapphlaup“ við að afla ákveðinnar þekkingar, áður en það verður um seinan.

*Engin þjóð má gleyma fortíð sinni.
Allar þjóðir eru hverju sinni niðurstaða þess
sem á undan er gengið í sögu þeirra.¹*

¹ Vigdís Finnbogadóttir, *Áramótaávarp*, 1986.

2 Heimildagildi fiskimiða

Þegar talað er um fiskimið, er jafnan átt við stað á hafi úti sem þótti fiskisæll. „Staðurinn á sjónum ákvarðast af því, að tvö hin tilteknu örnefni og far fiskimannanna á sjónum komu á eina og sömu beina línu. Djúpmiðið var svo fundið með líkum hætti, en stefnt á staði í gagnstæðum áttum.“² Það má því segja að með fiskimiðunum, hafi jafnframt varðveist staðsetning og nöfn örnefnanna sem miðað var við. Örnefnin eru svo uppspretta enn frekari þekkingar og skilnings, á högum þjóðarinnar á hinum ýmsu sviðum fyrri alda. Sum viðmiðin hurfu með tíð og tíma, þá þurftu menn að finna sér nýjar viðmiðanir, en gömlu fiskimiðin voru til vitnis um tilurð fyrri viðmiða. Eitthvað var um að menn hafi ort miða -og leiðarvísur, til þess að festa fiskimiðin betur í minni, en ekki fundust miklar heimildir um það í Þingeyjarsýslum. Helgi Héðinsson, sjómaður frá Húsavík, sagði þó að þessi iðja hafi tíðkast á Skjálfandasvæðinu. Nafngift fiskimiðanna var ekki að öllu leyti tilviljunarkennd, í flestum tilfellum fól nafngiftin í sér mikilvægar upplýsingar fyrir fiskimenn. Lúðvík Kristjánsson hefur rannsakað þetta og gerir nafngift fiskimiða að umfjöllunarefni sínu, í fimm binda þrekvirkinu *Íslenskir sjávarhættir*. Vísasta leiðin til þess að vera glöggur að hitta á fiskisæl mið, var að huga vel að botnlagi og dýpi. Sjómenn notuðu því ákveðin „lýsingarorð“ í nafngiftum sínum á fiskimiðunum, en þau gáfu frekari vísbindingar um breytileika á botnlagi og dýpi. Dæmi:

- *Áll*, í merkingunni sjávardýpi samfara lægð, skvompu eða dal á hafsbotni.
- *Bás*, lítil hvílt í botni, út úr ál eða hrauni er kölluð bás.
- *Boði*, í merkingunni blindsker eða grunn.
- *Brún*, þar sem botnlagi sjávar hallar, ýmist aðliðandi eða skarpt.
- *Hraun*, þar sem hraun er í botni er miðið víða kennt við það.
- *Pollur*, skvompa á hafsbotni töluvert djúp kallast pollur.
- *Rif*, í merkingunni löng og mjó grynning á hafsbotni.
- *Sandur*, botnlagið segir til sín á þeim miðum sem kennd eru við sand.³

Nafngiftir á fiskimiðum í Þingeyjarsýslum bera þess merki að menn hafi stuðst við „lýsingarorðin“ sem Lúðvík fjallar um. [Sjá samsvörun í fylgiskjöllum 7.1, 7.2 og 7.3].

² Jóhannes Óli Sæmundsson, „Fiskimiða-örnefni Látraströndunga og Grenvíkinga“, *Tímaritið Súlu*, s. 70.

³ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir* III. (1983), s. 171-180.

3 Svæði Þingeyjarsýslna

Þar sem rannsóknin miðast við ákveðið svæði, Þingeyjarsýslur, er sjálfsagt að tilgreina þau svæðismörk sem notast er við. Í vestri skarast Suður-Þingeyjarsýsla við Eyjafjarðarsýslu, en lína er dregin við sjó hjá Ytri-Varðgjá í botni Eyjafjarðar. Hjá Ytri-Varðgjá voru einmitt gömlu sýslumörkin, en Varðgjárnar báðar, Ytri -og Syðri, sameinuðust Eyjafjarðarsýslu um miðja 19. öld. Línan er svo dregin eftir miðjum Eyjafirði, þannig að austurströnd fjarðarins er svo að segja öll innan þess svæðis sem er rannsakað. Í austri skarast Norður-Þingeyjarsýsla við Norður-Múlasýslu, en lína er dregin við sjó um Fossdal, norðan Gunnólfsvíkurfjalls. Mörk Þingeyjarsýslna milli norðurs og suðurs eru svo dregin við Skeiðsöxl á Tjörnesi, en nokkur ágreiningur hefur verið um skiptingu sýslanna í gegnum tíðina.⁴


Aðstæður til útræðis þóttu nokkuð hagstæðar á nánast öllu svæðinu, en ekki fundust þó miklar heimildir um fiskimið í Öxarfirði, a.m.k. ekki á svæðinu á milli Lóns og Rauðanúps. Björn Guðmundsson, Lóni, hafði reyndar á orði, að engin fiskimið hefðu verið undan söndunum í botni Öxarfjarðar, og hefur undirritaður enga ástæðu til að rengja það. Þetta kemur heim og saman við þá staðreynd að engin fiskimið eru skráð á umræddu svæði. Jóhannes Óli Sæmundsson fjallar meðal annars um útræði í grein sinni, um örnefni á fiskimiðum Eyfirðinga, sem birtist í *Tímaritinu Súlum* árið 1972: Þar kemur fram að á austurströnd Eyjafjarðar hafi útræði löngum verið mest hjá bændum úr Höfðahverfi, á því svæði sem Grenvík stendur nú. En Látraströndungar hafi einnig verið duglegir að sækja sjóinn. Þaðan var róið úr vör hvers heimilis, sem var oftast kölluð lending. Föst hefð hafði skapast fyrir því að vestur og fram frá hverjum bæ, væru svokölluð heimamið þess bæjar, sem aðrir áttu ekki að fiska á. Menn lögðu því þannig að duflinu var kastað á ákveðnum stað, þaðan var það lykkjað til norðurs eða suðurs, loks var duflinu svo lykkjað aftur til austurs.⁵ Ekki skal fullyrt hvort að menn hafi lykkjað duflinu til þess að lenda ekki svæði nágrannans, en líklegra er þó að menn hafi lykkjað til þess að hitta sem best á hól á hafsbotni eða einhvern fisksælan stað. Hefð Látraströndunga með heimamiðin hefur án efa verið við lýði víðar, þótt undirritaðan skorti beinar sannanir til staðfestingar á því.

⁴ *Árbók Þingeyinga*, 1965-1970, ritdeila um réttmæt sýslumörk milli Norður -og Suður-Þingeyjarsýslu, en þar deildu Björn Haraldsson og Jóhann Skaptason sýslumaður í Suður-Þingeyjarsýslu.

⁵ Jóhannes Óli Sæmundsson, „Fiskimiða-örnefni Látraströndunga og Grenvíkinga“, *Tímaritið Súlu*, s. 70.

4 Fylgiskjöl – Svæði Þingeyjarsýslna


4.1 Svæði Þingeyjarsýslna



4.2 Þistilfjörður og Langanes



4.3 Melrakkaslétta og Öxarfjörður



4.4 Suður-Þingeyjarsýsla



5 Fiskimið í Þingeyjarsýslum

Upplýsingar um fiskimið í Þingeyjarsýslum hafa verið skráðar á tölvutækt form, með hjálp Microsoft Office Excel 2003. Upplýsingarnar verða svo síðar færðar yfir á stafrænan kortagrunn. Dálkarnir eru sjö talsins og geymir hver dálkur fyrir sig ákveðnar upplýsingar um fiskimiðin í Þingeyjarsýslum. [Sjá fylgiskjöl 7.1, 7.2 og 7.3].

NR

Fiskimiðin eru númeruð eftir staðsetningu frá austri til vesturs. Mið NR. 1 er því staðsett út frá Skálabjargi á Langanesi, en þaðan eru miðin svo númeruð koll af kalli vestur Þistilfjörð, út af Melrakkasléttu, vestur Öxarfjörð, út af Tjörnesi. Þaðan er svo haldið inn með ströndinni, vestur Skjálfaflóann, út af Flateyjardalnum og Fjörðu, fyrir Gjögurtá. Að lokum er svo haldið inn Eyjafjörðinn þar sem mið nr. 271 er staðsett undan Þórisstöðum á Svalbarðsströnd, innarlega í Eyjafirði.

Nafn á fiskimiði

Eins og áður hefur verið bent á, var nafngiftin ekki að öllu leyti tilviljunarkennd. Menn notuðu ákveðin „lýsingarorð“ í nafngiftinni, sem gáfu upplýsingar um botnlag og dýpt, sem réði því helst hvernig og hvar menn lögðu. Lýsing á viðmiði: Til þess að merkja fiskisæla staði á sjónum, miðuðu menn við staði á sjó og landi, sem mynduðu þá beina línu við far fiskimannanna. Það gat ráðið úrslitum hversu vel menn kunnu á viðmiðanirnar, hversu vel menn fiskuðu. Það var því afar mikilvægt að hafa viðmiðanirnar á hreinu, en heimildir eru því miður oft á tíðum snubbóttar um viðmiðin.

Staðsetning

Gróf staðsetning gerir auðveldara fyrir, við flokkun fiskimiðanna og niðurröðun eftir númerum.

Nánari staðsetning

Eitthvað er um að staðsetning á fiskimiðum hafi verið stungin niður með norðlægri breidd [66°N] og vestlægri lengd [17°V]. Þeim skráningum fjölgar vonandi í framtíðinni.

Heimild/Heimildarmaður

Heimildirnar eru jafn ólíkar og þær eru margar, en það er mikilvægt að afla sem flestra heimilda. Nokkuð hefur verið ritað um fiskimið í Suður-Þingeyjarsýslu, en ritheimildir í Norður-Þingeyjarsýslu eru af skornum skammti. Heimildir um fiskimið í Norður-Þingeyjarsýslu eru því fyrst og fremst í munnlegri geymd. En það er ekki nóg að finna ritaðar heimildir, mikil vinna fer í að samræma heimildirnar og sannreyna um áreiðanleika þeirra. Besta leiðin er að bera verkefnið undir eins marga fiskimiðaðfróða menn og unnt er, og skrá niður þekkingu þeirra. Einnig er hægt að boða nokkra þeirra saman og leyfa þeim að „rökræða“ um fiskimiðin, þessi aðferð gaf a.m.k. góðan árangur í ferð námsmanns til Grenivíkur. Það er líka einhvern veginn árangursríkara að hitta heimildarmenn augliti til auglitis, heldur en að tala við þá í síma, eins og er því miður algengara.

Skrásetjari

Gott er að vita hver skráði upplýsingarnar sem unnið er með. Ef upp koma vafamál með heimildina sem unnið er með, er jafnvel í sumum tilfellum hægt að hafa upp á þeim sem skráði. Fylgiskjöl - Fiskimið í Þingeyjarsýslum

6 Að verkalokum

Rannsókninni á gömlu árabátamiðunum er hvergi nærri lokið. Henni þókar smátt og smátt í rétta átt með áframhaldandi upplýsingaleit. Enn hafa til að mynda ekki borist gögn frá ákveðnum svæðum í Norður-Þingeyjarsýslu, en það er þó allt saman í burðarliðnum. Námsmaður hefur verið í sambandi við menn bæði á Raufarhöfn og Þórshöfn, sem hafa tekið verkefninu vel og lofað að reyna að leggja því lið. Líklegt er að komið verði á fundi á Þórshöfn, með svipuðu sniði og gert var á Grenivík. Eftir því sem heimildirnar um fiskimiðin eru vandaðri, er auðveldara að fá nákvæma staðsetningu á þeim og þar af leiðandi mögulegt að skrá þau með góðu móti inn á kortagrunn. Auk þess sem margþætt heimildagildi fiskimiðanna verður yfir höfuð nothæfara. Mikilvægt er að horfa á heimildirnar með gagnrýnum augum. Þess vegna hefur námsmaður gert athugasemdir og spurningar, við heimildir fiskimiðanna, sem reynt verður að finna svör við. Ákjósanlegast væri auðvitað ef ekki þyrfti að gera neinar athugasemdir, en því miður eru sumar heimildirnar ekki nógu nákvæmar. Viðmót þeirra heimildarmanna sem talað hefur verið við, hefur í flestum tilfellum verið afar jákvætt í garð rannsóknarinnar. Því er mikilvægt að pressa ekki of mikið á menn og leyfa þeim að hafa sinn gang á miðlun heimildanna. Þetta getur oft kostað það að heimildaöflunin tekur meiri tíma, en skilar sér jafnan í vandaðri heimildum fyrir vikið, sem er ákjósanlegra þegar upp er staðið. En það má þó ekki gleyma þeirri staðreynd, sem komið var inná í inngangskaflanum, að kynslóð þeirra manna sem stunduðu veiðar á árabát, fer senn að heyra sögunni til. Það er því mikilvægt að afla upplýsinga um þessar hetjur hafsins og þekkingu þeirra, hefðir og venjur, áður en það verður um seinan.

7 Fylgiskjöl - Fiskimið í Þingeyjarsýslum

7.1 Fiskimið Norður-Þingeyjarsýslu

NR.	Nafn á fiskimiði	Staðsetning/Lýsing á viðmiði	Flokkur	Nánari staðsetning	Heimild/Heimildarmann	Skrásetjari
1	Skálamið	Þegar verið var sunnan nessins, líklega út af Skálabjargi.	Mið út af Langanesi		Langnesingasaga	Fríðrik G. Olgeirsson
2	Langanesröst	Þegar fiskur var ekki genginn á grunnmið á vorin þurftu menn að sækja út í Langanesröst, talað um að vera „í röstinni“.	II		II	II
3	Krossmið	Hákarlamið úti fyrir Skoruvík.	II		Ferðabók	Ólafur Olavíus
4	Gjögrahornsmið	Hákarlamið úti fyrir Skoruvík.	II		II	II
5	Óttarshnjúksmið	Staðsett um 3 mílur frá landi Sauðaness, dýpið var um 70 faðmar, einkum hákarlamið.	Mið í þistilfirði		II	II
6	Lónsmið	Staðsett um 1/2-3 mílur frá landi Sauðaness, dýpið var um 30-70 faðmar, einkum hákarlamið.	II		II	II
7	Nessmið	Staðsett um 1/2 mílu frá landi Sauðaness, dýpið var um 30 faðmar, einkum hákarlamið.	II		II	II
8	Tyrkjálónsmið	Staðsett suðvestur af Bakkahorninu, þegar Tyrkhól, suður og austur á Brekkuheidi, bar yfir Syðralónsbæin.	II		Fríðrik Guðmundsson	Fríðrik Guðmundsson
9	Skriðunúpur	Staðsett um 2-3 mílur undan landi frá Harðbak á Sléttu.	Mið út af Sléttu		Ferðabók	Ólafur Olavíus
10	Atlanúpur	Staðsett um 2-3 mílur undan landi frá Harðbak á Sléttu.	II		II	II
11	Jetlanúpur	Staðsett um 2-3 mílur undan landi frá Harðbak á Sléttu.	II		II	II
12	Þorgeirsdýs	Staðsett um 2-3 mílur undan landi frá Harðbak á Sléttu.	II		II	II
13	Hvítasundsþúfur	Staðsett um 2-3 mílur undan landi frá Harðbak á Sléttu.	II		II	II
14	Álar	Staðsett um 2-3 mílur undan landi frá Harðbak á Sléttu.	II		II	II
15	Næringarmið	Staðsett langt frá landi frá Sléttu, en þótti fiskisælt.	II		Sagnaþættir Þjóðólfs, 1947	Gils Guðmundsson
16	Hauganesgrunn	Þegar Oddstaðabærinn bar í Fjallsendahnjúk.	Mið út af Rauðanúp		Sveinbjörn Lund, Húsavík, o.fl.	Sveinbjörn Lund
17	Út af Gjánni	Þegar verið var norðaustur úr Rauðnúpnunum, út af Kötluvíkinni, og Gjáin í núpnun blasti við.	II		II	II
18	Kötluvík	Þegar verið var grunnt inn á Kötluvíkinni.	II		II	II
19	Miðvörðuhæð í Sandhóla	Þegar Miðvörðuhæð bar í Sandhóla.	II		Haraldur Sigurðsson	II
20	Grunnmið á Kötluvík	Þegar Sandhóla bar í Gefluna og Kerlingin var laus við núpinn.	II		II	II
21	Þverárhymna í Snartarstaðanúp	Þegar Þverárhymnu, í Öxarfirði, bar yfir Snartarstaðanúp.	II		II	II
22	Karlsrífið	Þegar komið var vestan að núpnun og Karlinn rífaði við Sólvanöf, miðað fylgdi Sléttugrunnskantinum djúpt til vesturs.	II		Sveinbjörn Lund, Húsavík, o.fl.	II
23	Undir Ruaðabjarginu	Þegar fiskað var grunnt norður af núpnun, út af bjarginu þar sem það var rautt.	II		II	II
24	Hólarnir	Staðsett norður af Flösum.	II		II	II
25	Hornamið	Staðsett djúpt norður úr Flösum, þegar Þverárhymna, í Öxarfirði, kom undan Snartarstaðanúp.	II		II	II
26	Út af Geirsvíkinni	Þegar verið var vestur af Geirsvík, þar var oft mikill vorfiskur.	II		II	II
27	[Ekkí vitað með nafni]	Þegar verið var við Brikartá, um 300 metrum innan við Hringsbjargshorn, þóttu þar ágæt lúðumið.	Mið í Öxarfirði		Björn Guðmundsson, Lóni.	Ómar Þorgeirsson
28	Strákamið	Þegar Hvammur í Gerðibrekku bar yfir Brikartá, línan lá norðaustur eftir flóanum, en þar var um 40 faðma dýpi.	II		II	II
29	Álhorn	Staðsett austur úr Hringsbjargshorni, þegar bærinn á Fjöllum bar yfir Sandvíkurholt, þarna var um 60-70 faðma dýpi.	II		II	II
30	Hringsbjarg	Þegar verið var fram úr Hringsbjargi, grunnmið með ströndinni.	II		II	II
31	Sólmundur	Þegar lækurinn Sólmundur kom fram við norðurenda Hringsbjargs.	II		II	II
32	Gerðubrekkuhaus	Þegar Lónsbærinn kom fram undan Hringsbjargshorninu.	II		II	II
33	Háubrekkuhaus	Þegar verið var undan bjarginu við Háubrekku.	II		II	II
34	Krossgötur	Þegar steinn upp á Bangastaðafjalli, Grettistak, bar við þar sem tvær götur, í brekkunni, mættust frá norðri til suðurs, þarna voru lúðumið.	II		II	II
35	Brimnes	Þegar verið var fram úr tanga sem afmarkaði Bangastaðahöfn, en tanginn hvarf í brimi árið 1934.	II		II	II
36	Skriður	Þegar verið var frá Svarthamri og út að lækjum, þá voru Mánáreyjar frammi. Sama mið og Tjörnesingar kalla „Á Lækjunum“.	II		II	II
37	Rif	Þegar miðhnúfu, ein af þremur hnúfum á brún Engidalsfjalls, bar við snósina sunnan við ysta læk, sama mið og Tjörnesingar kalla Axlarhygg.	Mið út af bæjum á Tjörnesi		II	II
38	Reykjavallamið	Þegar brekkuna Jarðbakka bar yfir Skeiðsól, miðað lá til norðausturs.	II		II	II

7.2 Fiskimið Suður-Pingeyjarsýslu

NR	Nafn á fiskimiði	Staðsetning/Lýsing á viðmiði	Flokkur	Nánari staðsetning	Heimild/Heimildarmenn	Skrásetjari
39	Á Lækjunum	Þegar verið var austan við, inn með landinu, djúpt inn með björgunum, innan við Engidalsgjána.	Mið út af bæjum á Tjörnesi.		Egill Sigurðsson, Máná.	Svavar Sigmundsson
40	Skeiðsöx/Axlarhyggur	Þegar lækurinn í Engidalsgjá kom beint úr giliinu, grynnti hlutinn var kallaður Axlarhyggur.	II		II	II
41	Reykjavallhyggur/Reykjavallagrunn	Þegar miðað var við lækinn í Engidalsgjá, en dýpi var orðið jafnara og breyttist lítið til austurs eða vesturs.	II		II	II
42	Selvík	Þegar komið var á milli Axarhyggs, Reykjavallhyggs og Hnarariffs.	II		II	II
43	Hnararíff	Undan Hnarartá, mjög grunnt á parti en dýpkar þó fjótt, talað um að vera „á Hnararíffinu“ grunnt eða djúpt	II		II	II
44	Eilífur	Þegar fjallið Eilífur kom undan Hringbjargi í Axarírói, talað um að leggja „inn eftir Eilíf“.	II		Karl Gunnarsson, Dvergasteini.	II
45	Hóll	Staðsettur austan við Háey, ekki vítað með vissu hvar hann var, e.t.v. um 60 faðmar niður á hann.	II		Egill Sigurðsson, Máná.	II
46	Austurbakki	Austan megin við Brekahrygg/Mánáreyjahrygg, þegar snarðýpkar ofan í Axarfjörð.	II		II	II
47	Litilсандur/Miðsandur	Beint fram undan Mánárbae, þegar fjallið Sandfell var við Hnarartá.	II		II	II
48	Fram á Sandinn	Miðað austur og vestur á Sandinn, þegar Mánárbyggahúsið bar austan við gamla bæinn á Máná.	II		II	II
49	Undan vikunum	Út af Máná, þegar miðað var við vikurnar, talað var um að vera „fram úr Húsvíkinni“ og „fram úr Stekkjarvíkinni“.	II		II	II
50	Torfuhryggur	Lá alla leið út í Háey, eins og Hnararíff, en frá Torfunni.	II		II	II
51	Sandhryggur/Beitarhúshryggur	Hryggurinn lá þvert yfir sund milli Hnararhyggs og Torfuhryggs, miðað var við beitarhúsið á Sandhólástöng.	II		II	II
52	Úti á Hólsnefi	Þegar Hólsnef var að koma fram að vestan og Valadalabæ bar í Mánárúp, talað um að fara „á Núpinn“.	II		II	II
53	Eyjagrinn	Þegar komið var fram fyrir Sandhrygginn/Beitarhúshrygginn og grynnaði aftur við eyjarnar.	II		II	II
54	Brekahryggur/Mánáreyjahryggur	Þar sem snarðýpkaði ofan í báða flóa, Axarfjörð og Skjálfanda.	II		II	II
55	Mánáreyjabrek/Brek	Staðsett norðan við Mánáreyjar.	II		Saga Húsvíkur II. bindi.	Björn Helgi Jónsson o.fl.
56	Ufsahóll	Staðsettur um 8 sjómílur norðan við Lágey.	II	[66°25,6N 17°10,1V]	II	II
57	Grjóthóll	Staðsettur vestan við Brekahrygginn/Mánáreyjahrygginn, um það bil beint austur frá Grímsey.	II		II	II
58	Sigurðarmið	Þegar Mánárbae var við Torfuna að austan og Lundey kom fram að vestan.	II		Egill Sigurðsson, Máná.	Svavar Sigmundsson
59	Kerling	Lúðumið, út af Torfunni, þegar kletturinn Kerling ber í helli í fjórúnni vestan við Fosslæg.	II		Helgi Ólafsson, Braut á Húsvík.	II
60	Magnúsarmið	Staðsett út af Breiðvík, þegar Fosslæg bar við Kerlingu og Ísólfstaðabær var á Háfrum í Húsvíkurfjalli.	II		Saga Húsvíkur II. bindi.	Björn Helgi Jónsson o.fl.
61	Lávaðsmið	Hákarlamið, þegar hjall við sjóinn bar við Sandhólaba, en Ísólfstaðabær bar vestur í Húsvíkurfjalli.	II		Helgi Ólafsson, Braut á Húsvík.	Svavar Sigmundsson
62	Sporðagrinn	Staðsett vestur af Mánáreyjum, þegar Sauðafell í Kelduhverfi bar í Sandhólástöng vestan við Breiðvík.	II		Karl Gunnarsson, Dvergasteini.	II
63	Hólsbás	Þegar básinn bar í Hólsbæ, fram fyrir hraunið, en grunnmið þar þegar Fellið bar við Héðinshöfða.	II		Helgi Ólafsson, Braut á Húsvík.	II
64	Klettur	Þegar Sandhólabaer bar í Runkhúsklett, Ísólfstaðabær í Sýðrinlein og Ytri-Tungubær í Stórhöfðabæði fremst.	II		II	II
65	Lækurinn	Þegar Ketilsstaðabæjarlæg bar í bæinn þar.	II		II	II
66	Merkin	Þegar Hólsbær bar í merkin milli Mýrarkots og Hóls.	II		II	II
67	Hesturinn	Þegar bærinn á Ísólfstöðum bar í Hestinn.	II		II	II
68	Þúfa	Hákarlamið, þegar Ísólfstaðabær bar í þúfu syðst á Stekkjarhöfða.	II		II	II
69	Dýið	Þegar Ísólfstaðabær bar í Hrutisdý.	II		II	II
70	Ytri-Sneiðingur	Þegar Ytri-Sneiðingur í Hóskuldsvík bar í Ísólfstaðabæ.	II		II	II
71	Sýðri-Sneiðingur	Þegar Sýðri-Sneiðingur í Hóskuldsvík bar í Ísólfstaðabæ.	II		II	II
72	Jónshúsmið	Þegar Jónshús kom fram undan Héðinshöfða.	II		Karl Gunnarsson, Dvergasteini.	II
73	Hestur genginn fram að Stóra-Stakk	Hvort tveggja klettur í sjó undan Ísólfstaðalandi, þegar komið var rétt fram fyrir þarabeltið.	II		Jóhannes Björnsson, Ytri-Tungu.	Jóhannes Björnsson
74	Fellið á Höfðagerði	Þegar Kinnarfell í Köldukinn bar við Höfðagerði, beitarhús, sama miðlína fékkst þegar Háey var við Hólsnef.	II		II	II
75	Fellið á Háhöfða	Þegar Fellið var á miðjum Héðinshöfða.	II		II	II
76	Á Fellinu	Þegar Fellið var gengið til háls undan Héðinshöfða.	II		II	II
77	Græniblettur	Þegar Ytri-Tungubær bar í grænan blett efst í bakkanum.	II		Bjarki Kárason, Hallbjarnarstöðum.	Svavar Sigmundsson
78	Miðaftanslág/lág	Þegar Ytri-Tungubær bar í Miðaftanslág, sem var gamalt eyktarmark frá Ytri-Tungu, báturinn var „inni á lág“.	II		Jóhannes Björnsson, Ytri-Tungu.	Jóhannes Björnsson
79	Yztaskora	Þegar Ytri-Tungubærinn bar yfir smálág, sem mynduðu skörð í bakkabrunína.	II		II	II
80	Miðskora	Staðsett á milli Yztuskoru og Innstuskoru/Syðstuskoru.	II		II	II
81	Innstaskora/Syðstaskora	Staðsett norðan við Ytri-Makka.	II		II	II
82	Ytri-Makki	Þegar Ytri-Tungubær bar rétt norðan Brunngils, á miðjum Brunngilshöfða.	II		II	II
83	Sýðri-Makki	Þegar Ytri-Tungubær bar vel uppi á sýðri barmi Brunngils og lá fast við norðurjaðar Ytri-Tungutúnsins.	II		II	II
84	Bíti af Bakkahöfða	Þegar dálitill sneið af höfðanum var komin fram undan Héðinshöfða.	II		II	II
85	Kamburinn	Þegar Hringversbær bar í kambinn þar við sjóinn.	II		Helgi Ólafsson, Braut á Húsvík.	Svavar Sigmundsson
86	Barmur	Staðsettur milli Lundeyjar og lands, úti fyrir landi Hringvers, Tungu og Eyvíkur.	II		II	II
87	Fiskirfa	Þegar „Ervikurhöfði“ nálgast Lundey að austan, rífar aðeins á milli, það nefndist að vera „í Fiskirfu“.	II		Jóhannes Björnsson, Ytri-Tungu.	Jóhannes Björnsson
88	Makkahraun	Staðsett utan við Lundey, nyrsti hluti Brekakrauns.	Mið á Skjálfandafloá		Karl Gunnarsson, Dvergasteini.	Svavar Sigmundsson
89	Brekakraun	Staðsett norður af Lundeyjarbreki, þegar Djúpskarð var opið og Búrfell yfir miðri Lundey.	II		Jóhannes Björnsson, Ytri-Tungu.	Jóhannes Björnsson
90	Helludýpi/Helludjúp	Þegar verið var innan við Lundeyjarbrek, suðvestur frá Lundey, þarna var lítið lagt, aðallega á vorin.	II		Sigtryggur Kristjánsson, Húsvík.	Omar Þorgeirsson
91	Lundeyjarbrek/Brekin	Grynningar vestan við Lundey.	II		Karl Gunnarsson, Dvergasteini.	Svavar Sigmundsson
92	Innan undir Brekum/Brekamið	Þegar Raufarbaer var laus innan við Lundeyjarhorn, náði það mið út í Fiskiöxl.	II		Hallmar Helgason, Húsvík.	II
93	Hóll í Miðflóa/Hóllinn	Þegar Fellið gekk að Þóroddstaðafjalli, lækurinn í Skálavík á Vargnesbjarg og Skeifarfóss í Lundeyjarhorn.	II	[66°05,9N 17°35,7V]	II	II
94	Bakka-Stakkur	Þegar Bakka-Stakkur kom undan Ytri-Snásu, við Húsvíkurhöfða, þegar haldið var vestur í flóa.	II		Jóhannes Björnsson, Ytri-Tungu.	Jóhannes Björnsson
95	Forvaðanef	Þegar Forvaðanef kom undan Ytri-Snásu, við Húsvíkurhöfða, þegar haldið var vestur í flóa.	II		Saga Húsvíkur II. bindi.	Björn Helgi Jónsson o.fl.
96	Laugardalsnef	Þegar Laugardalsnef kom undan Ytri-Snásu, við Húsvíkurhöfða, þegar haldið var vestur í flóa.	II		II	II
97	Gillið	Þegar gillið var að ganga undir Héðinshöfðann og Ísólfstaðabær var laus utan við Lundey, „út á Gill“.	II		Hallmar Helgason, Húsvík.	Svavar Sigmundsson
98	Tóttinn	Þegar lagt var norðan undir hrauninu, lagði maður „upp eftir Tóttinni“, á horninu vestan við Reyðarána.	II		II	II
99	Lönguskerin	Þegar smásklett, inn á Bakkahöfða, bar við Lönguskerin, en þau liggja nokkuð norðan við Húsvíkurhöfðann.	II		Vikurblaðið 18.12.1992	Jón Ármann Héðinsson
100	Ytri-Glenna	Þegar ytri kofinn á Bakkavelli bar í húsið á Bakka.	II		II	II
101	Sýðri-Glenna	Þegar sýðri kofinn á Bakkavelli bar í húsið á Bakka.	II		II	II
102	Kotsmið	Þegar Tóttina bar í gamla Kotsbæ var komið á Kotsmið, Bakkahúsið bar þá í Gatanóf á Bakkahöfða.	II		Hallmar Helgason, Húsvík.	Svavar Sigmundsson
103	Geirarnir	Þegar Barðið á Laugardalsnófinni bar í tvo grasgeira í Húsvíkurfjallinu, sunnan og norðan í Dagsmálalág.	II		Vikurblaðið 18.12.1992	Jón Ármann Héðinsson

104	Arnarbæli	Þegar Arnarhóll kom undan Vitahöfðanum (Húsavíkurhöfða), þegar farið var vestur á flóann.	II	[66°03,2N 17°23V]	II	II
105	Sprænan	Þegar Sprænan var á Höfðanefinu.	II		Saga Húsavíkur II. bindi.	Björn Helgi Jónsson o.f.
106	Kirkjan á Höfðanefi	Þegar Húsavíkurkirkja bar á Höfðanefinu.	II		II	II
107	Kirkjan í háfjallið	Þegar Húsavíkurkirkja bar í Dagmálalág.	II		II	II
108	Búrfeili í Galtaskarð	Þegar Búrfeilshyrna gekk í Stóra- og Litla-Galtaskarð.	II		II	II
109	Djúpboðinn	Þegar merkigjarður á Kaldbak var í stefnu á Svarthamar og Bakka-Stakkur var laus við Bakkahöfða.	II		Hallmar Helgason, Húsavík.	Svavar Sigmundsson
110	Á Sponsanum	Þegar kofinn fram á túninu bar í bæ á Kaldbak, mátti ekki fara grynnra en efst á Stórubungu	II		II	II
111	Nafarhryggur	Staðsettur fram af Saltvíkurnöf, náði fram á Grunnhyrnu í Hymunum	II		Saga Húsavíkur II. bindi.	Björn Helgi Jónsson o.f.
112	Stígarnir	Þá var verið á svokölluðum Nafarhrygg, fram úr Saltvíkurnöf, hann náði fram á Grunnhyrnu í Hymunum	II		Hallmar Helgason, Húsavík.	Svavar Sigmundsson
113	Innri-nöf	Talað um að vera á Nafarhorni, sinn hvoru megin við Saltvíkina, eða á Innri-nöf og Ytri-nöf.	II		Helgi Héðinsson	Ómar Þorgeirsson
114	Ytri-nöf	Talað um að vera á Nafarhorni, sinn hvoru megin við Saltvíkina, eða á Innri-nöf og Ytri-nöf.	II		II	II
115	Þurðarboði	Staðsett á milli Saltvíkur og Gvendarbás.	II		II	II
116	Gvendarbás	Smá bás í landi sem miðað var við, staðsettur við litla vík, Gvendarbás, á milli Húsavíkur og Saltvíkur.	II		II	II
117	Mið/Kópabásanöf	Þegar bærinn í Saltvík kom á Kópabás, syðst í Saltvík, þá stefndi lækurinn í Naustavík upp á Vegghamarsá.	II		Hallmar Helgason, Húsavík.	Svavar Sigmundsson
118	Ærvíkurhöfði undan	Ærvíkurhöfði, rétt norðan Laxaróss, var þá kominn fram undan landi.	II		Jóhannes Björnsson, Ytri-Tungu.	Jóhannes Björnsson
119	Fellið	Þá kom fellid, sem bærinn Ystafelli stendur vestarlega í, fram undan Ærvíkurhöfða.	II		Hallmar Helgason, Húsavík.	Svavar Sigmundsson
120	Núpsnali	Talað um Núpsnalann sem innsta hluta Garðsnúpsins.	II		Vikurblaðið 18.12.1992	Jón Ármann Héðinsson
121	Núpseggjar	Þegar Garðsnúpur kom undan Ærvíkurhöfða, þá var Bakka-Stakkur byrjaður að losna úr Bakkahöfða.	II		Hallmar Helgason, Húsavík.	Svavar Sigmundsson
122	Núpurinn	Þegar vesturhlöð Garðsnúpus, staðsettur milli Köldukinnar og Aðaldals, gekk fram undan Héðinshöfða.	II		Jóhannes Björnsson, Ytri-Tungu.	Jóhannes Björnsson
123	Botnar	Þá var miðað við lægð ofan í Garðsnúp.	II		Hallmar Helgason, Húsavík.	Svavar Sigmundsson
124	Stórabunga	Þegar skerid Óssur festist, en þá var Stórabunga á Garðsnúp.	II		II	II
125	Hafralækjarskarð	Þegar lægðin milli Stórubungu og Litlubungu, Hafralækjarskarð, bar í Ærvíkurhöfða.	II		II	II
126	Litlubunga	Þegar Hafralækjarskarð var komið fram af Stórubungu var miðað við Litlubungu.	II		II	II
127	Grunnhyrna	Þegar Ærvíkurhöfði var við Skollahnjúksbrún að vestan, Skollahnjúkur staðsettur austast í Núpnum.	II		Jóhannes Björnsson, Ytri-Tungu.	Jóhannes Björnsson
128	Djúphyrna	Þegar Ærvíkurhöfði var við austurbrún Skollahnjúks.	II		II	II
129	Grunnskarð	Þegar Hymurnar voru lausar, talað um „opið Grunnskarð“.	II		Hallmar Helgason, Húsavík.	Svavar Sigmundsson
